ÁRITUN BYGGINGARFULLTRÚA

DÆMIGERÐ TENGIGRIND GÓLFHITA



ALMENNAR SKÝRINGAR VARÐANDI GÓLFHITA

Í grein 120.2 í Byggingareglugerð segir :
"Á meðan ekki eru til staðlar og/eða tæknisamþykki fyrir viðkomandi vöru til þess að ákvæði mgr. 120.1 verði virk skal krafist vottorða/umsagna um notkunarsvið vöru frá Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins, Brunamálastofnun ríkisins eða öðrum þar til bærum aðilum sem umhverfisráðuneytið viðurkennir."
Húsbyggjandi skal því ganga úr skugga um að allt lagnaefni er hann hyggst nota til þessa verks uppfylli ofangreinar kröfur Byggingarreglugerðarinnar.

Almennt
Settar verða upp 2 tengigrindur fyrir gólfhita í bygginguna. Grindurnar verða í lokuðum veggskápum með öllum nauðsynlegum búnaði til þess að gólfhitakerfið virki rétt. Tengigrindunum verður stjórnað með einni miðlægri stjórnstöð. Stöðin skal útbúinn með öryggisvirkni eins að fylgjast með hámarksstillingu á framrásarhitastigi, dælustýringu og fleiru, auk stjórnunar á hitastigi í viðkomandi rýmum.

Gólfhitalagnir
Nota skal uppblöndunarkerfi frá viðurkenndum aðila. Kerfið er með mótorloka sem stýrist af hita í framrás og bakrás gólfhitakerfis og heldur hitastigi innan viðmiðunarmarka, 50°C. Að auki er öryggishitanemi tengdur dælu, þannig að ef hitastig fer yfir viðmiðunarmörk stöðvast dæla.
Leiðslur skulu vera úr Polybutene PB samkvæmt DIN 16968, 4727 og 4726 með súrefnisflæðivörn eða sambærilegu. Þrýstiþol skal vera PN10 við 70 °C.

Öll tengistykki gólfhitalagna skulu hæfa lagnaefni. Bil milli röra í gólfhitalögn skal almennt vera 150-250 mm og 100 mm frá útvegg og eru rör hengd í járnagrind gólfplötu. Allar lagnir skal þrýstiprófa áður en plata er steypt og einnig skal hafa þrýsting á lögnum þegar plata er steypt. Ónefnd rör eru Ø18x2.

Stýring
Í viðkomandi rými skal koma fyrir hitanema sem skynjar lofthita og skal hann vera stillanlegur. Allir hitanemar tengjast stjórnstöð sem aftur stýrir mótorlokum fyrir gólfhitann eftir boðum frá hitanemum í viðkomandi herbergi. Stjórnstöð stýrir svo mótorloka á bakrás hitaveitumegin eftir boðum frá þessum útihitanema.

Hitastig í framrás kerfismegin skal ekki yfirstiga 50°C og skal hitanemi sem er staðsettur í framrás kerfismegin fylgjast með því. Kalli einhver nemi eftir auknu rennsli skal stjórnstöð sjá til þess að þetta gildi verði ekki yfirstigið með því að stýra mótorloka. Mótorloki er venjulega lokaður þannig að við straumrof þá lokar fyrir vatn að kerfi.

Efni og frágangur lagna og annars búnaðar skal vera í samræmi við ÍST 67:2003 og ÍST EN 442.

Samþykkt þann
02 JAN. 2004
Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði
F.h. Sigurbjartur Halldórsson

Móttekið: ASK ARKITEKTAR
Samþ.: 17.12.03

NR	DAGS.	BREYTING	SAMÞ.

FERILL
VERKFRÆÐISTOFAN FERILL EHF. F.R.V.
MÖRKIN 1 - 108 REYKJAVÍK
SÍMI : 575-1600 FAX : 575-1601
NETFANG : ferill@ferill.is

LEIKSKÓLI - ÁSBRAUT 4

HITA- OG ÞRÍFAKERFI
SKÝRINGAR
TENGIGRIND GÓLFHITA, TÆKJALISTI

MKV	TEIKN ÞAG	DAGS ÚTG 16.12.03	TEIKN NÚMER 955-3-02
ÁRITUN HÖNNUÐAR	KT 280875-2279		SAMÞYKKT
HÖNNUÐUR BREYTINGAR		DAGS BREYTINGAR	BREYTING NR